tilkynnt, að stjórnarráðið álítur það vitaskuld, að þèr, eptir því 1861.
sem nú er ástatt, án þess yður hafi sèrstaklega verið fengið 11. júlím.
vald til þess, komið fram á alþingi sem konungsfulltrúi og gegnið öllum þeim störfum, sem á honum hvíla, og skal því með brèfi þessu, í von um að hans hátign konungurinn síðar fallizt á það, lagt samþykki á, að þèr, eptir því sem gjört er ráð fyrir, til þessa hafið gegnt köllun konungsfulltrúa, og yður veitt vald til að halda áfram að gegna þeim starfa.

Þess skal við getið, að þeir 1,000 rdl., sem Melsteð amtmanni voru fengnir til umráða, sem konungsfulltrúa, og um er rætt í brèfi dómsmálastjórnarinnar til yðar 31. maím. þ. á., má landfógetinn nú greiða úr jarðabókarsjóðnum eptir fyrirmælum yðar, og gegn kvittun af yðar hendi, og verjið þèr fènu til kostnaðar þess, sem því er samfara að vera konungsfulltrúi á alþingi.

---

41. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi, um styrk til jarðabóta. 11. júlím.

Samkvæmt því, sem farið er fram á í brèfi yðar, herra amtmaður, 29. desemberm. f. á., leyfir dómsmálastjórnin, að Friðbirni Bjarnarsyni sè veittur 100 ríkisdala styrkur úr búnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, til að halda áfram jarðabótum þeim, er faðir hans var byrjaður á, en aptur á mót sè hann skyldaður til að veita öðrum kennslu í landbúnaði. Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr gjörið það, er þarf í því efni.

---

42. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um sameining Grímstungu brauðs við Undirfell. 27. júlím.

Eptir uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar, er samkvæmar voru brèfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, há-

1861. 27. júlím. æruverðugi herra, 7. febrúarm., er síðast leið, hefir hans hátign konungurinn 20. þ. m. allramildilegast fallizt á:

1. að Grímstungu brauð í Húnavatnssýslu í norður- og austurumdæminu á Íslandi sè lagt niður sem sèrstakt brauð, en sè með kirkju þeirri, sem þar er, lagt til Undirfells í sömu sýslu, sem annexía.
2. að báðar kirkjurnar í brauði þessu, er þannig verði sameinað, skuli vera lènskirkjur (benificiair-kirkjur), og að prestinum á Undirfelli sè lögð á herðar ábyrgð á því, að þeim sè við haldið eins og vera ber.

Þetta sè yður til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, og yður háæruverðugi herra, sjálfum yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmdar.

---

9. ágústm. **43. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um „litla varningsbók".**

Um leið og dómsmálastjórnin sendir yður, herra stiptamtmaður, 600 exempl. af bók, er Jón skjalavörður Sigurðsson hefir samið, og gefin hefir verið út á kostnað stjórnarráðsins, um vöruafla á Íslandi og vöruverkun („Lítil varningsbók"), eruð þèr beðnir að útbýta ókeypis 150 exemplörum af bókinni, á þann hátt, er yður þykir bezt við eiga, einkum til dugandis bænda í suðurumdæminu, en hlutast til um, að þau 450 exemplör, sem þá eru eptir, verði höfð á boðstólum fyrir söluverð, er þykir hæfilega metið til 40 skildinga á hverri bók.

Um það, hvernig út býtt verði bókinni og um sölu hennar, ber að gjöra skýrslu og reikning, og senda hingað[1].

---

1) Sama dag voru amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu og amtmanninum yfir vesturumdæminu á Íslandi send 150 exemplör af bók þessari, hvorjum fyrir sig, til gefins útbýtingar.